

Ályktun 46. þings BSRB um skattamál

Misskipting tekna og eigna fer vaxandi og sú mikla samþjöppun auðs sem er að verða hér á landi er skaðleg fyrir samfélagið, ýtir undir stéttskiptingu, dregur úr félagslegri samheldni og eykur hættu á misbeitingu pólitísku valds. 46. þing BSRB krefst þess að jöfnuður og félagslegur stöðugleiki verði hafður að leiðarljósi við stjórn efnahagsmála.

Aðkallandi breytingar í umhverfismálum, efnahagslegar afleiðingar Covid-19 heimsfaraldursins og stríðsástand og óvissa í heimsmálum munu reyna á efnahagslíf og ríkisfjármál hér á landi á næstu árum.

Við þessu verður að bregðast með efnahagslegum ráðstöfunum og breytingum í ríkisfjármálum með auknum útgjöldum og aukinni tekjuöflun hins opinbera. 46. þing BSRB krefst þess að í þeim efnum verði velferð borgaranna höfð að leiðarljósi, auknum útgjöldum verði ekki mætt með niðurskurði opinberrar þjónustu og að nýjar leiðir til tekjuöflunar verði mótaðar með jöfnuð og sanngirni að leiðarljósi. Efling almannþjónustunnar er fjárfesting í fólki og friði.

Reykjavík, 25. mars 2022